# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Ingvi Hrafn – Gustaf Freitag – Bjarni Jónsson frá Vogi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Ingvi-Hrafn

Eftir

Gustav Freytag.

þýtt hefir

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Reykjavík ~~1908~~ ~~19~~
Bókaverslun ~~Guðmundar Gamalíelssonar~~
~~& Sigurðar Kristjánssonar~~
1913.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# I.

## Árið 724.

Skógargötur liggja norður frá Main í hálsaland Frakka og Þiringa. Sumardag einn í hita miklum ríða þrír menn um veg þenna og voru þögulir. Sá var leiðtogi hinna, er fyrir fór. Var hann ungur maður og vel limaður. Hár hafði hann sítt og var lítt greitt. Augu voru blá og aldrei kyr, því að hann rendi þeim í sífellu til skógarins tveim megin. Á höfði bar hann forna skinnhúfu. Hann var í kirtli mórendum, en yfir honum lá leðurmalur mikill og í honum vegarnesti. Skotspjót hafði hann í hendi, en boga á baki sér og örvamæli og veiðiknif mikinn við síðu, en við söðulknapp hans var fest skógaröxi mikil. Skamt var í milli hans og þess, sem næstur reið. Var sá herðibreiður og á besta þroskaaldri. Höfuðið var mikið ennið hátt og augun snör, og var hann allhermannlegur ásýndum. Þó hafði hann eigi hermanns hátt, því að hár hans var skorið snögt og hafði hann yfir því saxneskan stráhatt. Hann hafði skikkju síða, en enginn var þar sverðfetill né sverð. Öxi hafði hann við söðul sinn sem ferðamanna var siður, þá er þeir fóru um eikiskóga. Annað hafði hann eigi vopna. Hann hafði leðursekk mikinn fyrir framan sig í söðlinum, og mundu menn því hafa tilgetið að hann væri kaupmaður. Ungur sveinn reið við hlið hans og hafði sá allan hinn sama búnað og auk þess bagga nokkurn á baki og hafði tág í hendi og keyrði með

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

henni hest sinn. Auðsætt var það að leitsögumanni fanst eigi mikið til um ferðamenn þessa, því að hann bar hátt höfuðið og var stuttur í spunn, er hann svaraði spurningum hins eldra manns, og eigi leit hann aftur nema stöku sinnum, þegar bratt var upp að fara eða þeir félagar voru orðnir langt á eftir. Var hann þá þungbrúnn og leit skjótt af þeim aftur og þótti þeir illir félagar. Vegur var þar illur og grýttur og lá milli fornra furustofna af einum hóli á annan. Svörðurinn var þar dökkur og óx þar eigi annað en burknar og lyng. – Kyrð var á í skóginum og heyrðist eigi annað en krákugargið yfir trétoppunum. Hiti var mikill og þefjaði mjög af viðarmerg og ennum vindblær til svölunar. Á einum stað hljóp ungur úr af hestinum, þar sem brekka var mikil, og sleit upp lingkvistu með berjum á og bauð hinum eldra manni. Så leit til hans þakklátlega og tók til máls á latneska tungu: „Sér þú fyrir endann á skóginum? Hestar okkar taka að þreytast og sól gengur til viðar".

„Hér sér stofn að stofns baki, fóstri, og hvergi er glóglæta framundan í skóginum".

„Þú ert óvanur vondum vegum, Gotfreður", mælti hinn eldri af vorkunnsemi, „Ofljúft var mér að taka þig með mér í þetta óblíða land og þykir mér ilt að ég lét að bæn þinni".

„En mér hlær hugur við að fylgja þér, fóstri, þótt ég sé þess lítt maklegur", svaraði hinn ungi maður og brosti við glaðlega.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Askumenn eru jafnan ferðafúsir,“ mælti hún. „Lít þú til fylgdarmanns okkar. Eigi hirðir hann um sólarhitann. Hann er aflmikill villimaður, sem bíður menningar.“

„Okkur er hann næsta óvinveittur, fóstri minn.“

„Vera má hann göfugr drengur, þótt hann óvingjarnlegur. Hann hefir heitið frú Hildiþrú og sjálfum mér, að fylgja okkur trúlega yfir fjöllin, og eigi er það á manni að sjá, að hann sé svikari. En þótt svo væri, þá er enn hönum aflmeiri í óbygðum þessum.“ Hann hneigði höfuð sitt. „Fundið mun hann nú hafa hættu nokkra“.

Leiðsögumaðurinn var nú allur annar. Reis hann upp í söðlinum og reiddi spjót sitt svo sem hann væri búinn til áhlaups.

Ferðamaðurinn reið til hans. „Mér er sagt þú heitir Ingvihrafn“.

„Ég er Ingvihrafn Þiringur,“ svaraði hann stórlátlega og kannaðist við að hinn hefði rétt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að mæla. „Og þetta er Hrafn, hestur minn." Hann snart um leið háls hestsins. Hafði hann sama lit sem hinn vængjaði nafni hans; hneggjaði hann og reisti makkann, er höndin snart hann.

„Kunnar munu þér leiðir, þótt fjarri sé heimkynni þínu."

„Oft hefi ég farið sendiferðir fyrir lánda mína til greifa þeirra Frakkanna hinn megin ~~Rínar~~ Mainelfar."

„Þá mun Hildigerður, ekkja greifans, vera þér holl að forum fari."

„Var ég í liði bónda hennar, þá er hann féll fyrir Vindum. Fór frú Hildigerði þá vel, því að hún tók svein minn sjúkan til hjúkrunar."

„Ég hitti þig við hvílu hins sjúka manns og er ég því feginn, er ég fékk svo góðan förunaut. Hvað heftir nú för vora?"

Leiðsögumaður benti á spor, er þar voru í sandinum. „Riðið hefir hér hópur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

villihrossa", mælti ferðamaðurinn, er hann leit á sporin.

„Reiðmenn hafa hér farið, fleiri en þ[illegible] og munu engri vinarkveðju á oss kasta, ef þeir hitta oss," svaraði leiðsögumaður.

„Hversu máttu vita að hér hafi óvinir riðið?"

„Búast menn við vinarkveðjum á mölum úti í þínu landi?" svaraði leiðsögumaður. „Farið hafa hér hermenn þeir, er á aðra tungu mæla. Eru þeir Vindur úr Saalesveitum og og nefnast Sorbar. Fara þeir víða til ráns á hestum sínum og leita fénaðar og veiða. Þar liggur einkenni þeirra". Hann snart með spjótsoddi sínum reyrör eina steinydda, er þar lá. „Þeir hafa riðið yfir leið vora eftir síðustu regnskúr".

„Hyggst þú munu mega koma oss svo yfir fjöllin, að eigi verði þeir vor varir?"

„Freista mun ég, ef ykkur brestur eigi áræði. Þekki ég margan stig yfir hálsa þessa,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þann er þeir forðast. Eina ráða vil ég ykkur að fara hljóðlega og ríða sem næst mér."

Ferðamenn gættu þess nú að ríða í spor leiðsögumanns. Gatan lá nú ofan í kyrlát-skógi vaxinn dal, yfir mýrlendi niður að lækjarfarvegi einum og lá upp í skóginn hinumegin. Batnaði nú vegurinn og fóru þeir milli hárra bakkastofna yfir grænar mosabreiður, en skáhallir kvöldgeislar slógu gullslit yfir. Og enn lá gatan ofan í breiðan dal. Leiðsögumaður nam staðar í skógarjaðrinum og heilsaði dalnum með hneigðu höfði. „Þetta er Dísadalur", mælti hann, „og þar rennur Dísargil til Mainfljótsins." Hann fylgdi þeim nú til vaðs á gilinu og var mjög látið þar umhverfis. Síðan riðu þeir norður eftir hálsinum nokkrum. Dalur þessi var allfagur, en auður og mannlaus. Við og við riðu þeir um forna akra og sá enn vegamerki. En nú óx þar sláþyrnir og strandþyrnir og var hátt og þétt svo hestunum var þar seinfært. Ferðama~~nnanna~~ minnum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gekst hugur við, er hann sá vegsummerki horfinnar ræktar. „Einhverju sinni hafa hér unnið starfsamar hendur að rækt landsins," mælti hann raunalega. „Hér hefir alt verið í eyði svo langt sem menn muna," svaraði leiðsögumaður og brá sér hvergi við. Hann benti á hæð eina hátt uppi. „Á hæð þessari stóð bær, en Vindur ~~hafa~~ brendu hann, þá er ég var í bernsku. Nú hefir vaxið hér villigras um 20 ára skeið. Ef þér er ant um fallna garða, þá muntu hér finna mega marga þeirra. Hinumegin gilsins byggja Avarar áður á tímum, dimmir á hörund og skakkeygðir. Er það gamalla manna mál að þeir beri hárflættur um höfuð sér. Er sú þjóð harla voldug austur í landið, en brennivargar eru þeir hinir verstu. Sagan segir að þar ytirfrá hafi legið fjöldi bæja við helgan skóg, þar sem þeir viðir vaxa, er vér nefnum hlyni. Standa nú eigi nema fáir hinna fornu stofna. Höfðu Avarar lagt eld í skóginn og þar er nú auðn sem bæirnir stóðu. En

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú er langt síðan og mund~~i~~ erfitt að telja árshringi grenitrjá~~nna~~ þeirra, er gnæfa þar yfir upp. Staðið hafa þar manna híbýli, er þú sér þyrna og þistla. Hafa sum þeirra verið rifin í minni feðra vorra, en sum í minni þeirra manna, sem enn lifa og sum fyrir fám árum; en fáein standa enn."

Ferðamaður ~~þagnaði~~ lét talið niður falla, en ~~ferða~~leiðsögumaður benti til himins, þar sem kveldroðinn teygði sig upp á loftið, og reið nú af veginum þröngt einstigi upp hlíðina. Hestum ferðamanna varð erfiður gangurinn á eftir gegnum kjarrið, en þó komu þeir að lokum upp á hæð eina. Efst á hæðinni var rjóður óslétt og óx þar kjarr og villiblóm. Þó var þar einn eskiviður, er hóf sig hátt upp úr kjarrinu. Reiðmenn sáu nú í þrjár áttir langa leið yfir hæðirnar, í suður alt til Mainelfar, í norður sást bláma fyrir fjöllum í Þýringalandi, en beint framundan yfir víðan, sléttan dal, en hæðir lukktu um utan á alla vegu. Að baki þeirra lá fjallshlíð og voru þústir og gryfjur á milli

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar og hatarinnar. Var þeð á að líta sem þar hefði verið viggirðing og sýki. Leiðsögumaður hljóp af hestinum og hneigði sig djúpt fyrir eskitrénu, gekk síðan fram á brúnina og horfði yfir dalinn og skógargarðana. Því næst sneri hann sér aftur að eskiviðinum og mælti með lotningu: „Hér er Ásaberg og þessi viður er helgaður örlagadísunum. Hér er öruggt hæli fyrir öllu illu og þess vegna hefi ég fylgt ykkur hingað."

„Sýnt hefir þú, að þú ert góður leiðsögumaður," svaraði ferðamaður og leit yfir gótan náttstað þeirra. Hann steig af hesti sínum og leysti leðurmali þeirra frá söðlinum. „Vita munt þú og af góðri lind hér í nánd." Leiðsögumaður tók beislistaumana. „Seg þú sveini þínum að koma með flöskurnar og hjálpa mér að reisa girðinguna," sagði hann og teymdi hestana niður í hlíðina svo sem hundrað skref niður eftir, en þar rann lind niður í dalinn, en mosavaxinn steinhringur var þar utanum. Þar fjötraði hann hestana til beitar, hóf hina þungu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öxi og benti sveininum að ganga með sér í skóginn.

Þá er fertumaðurinn var einn orðinn á hæðinni gekk hann um svæðið með hneigðu höfði, þar sem eskiviðurinn stóð, og baðst fyrir. Því næst kannaði hann staðinn gaumgæfilega, því að hann kunni vel að skilja eðli hluta þeirra, er fyrir augun bar. Hann sparn fæti við kvistótta tág eskiviðarins, því að hún var ber. Hann fann að þar var laus mold undir og rak þar niður axarskaftið. Hóf hann þaðan með afli sínu nokkurri stein, er tágin hafði verið yfir. Hafði hún farið gegnum holu, sem á var steininum, og sprengt hann sundur. Fertumaðurinn horfði undrandi á holu þessa er var haglega ger. Hann tók þessu næst lektumalinn með lotning og ýtti honum í far steinsins og brá fyrir brosi á ásjónu hans. „Ef hér býr óvættur í trénu," mælti hann „þá mun hún kenna meins af þessum fólgna dýrgripnum." Hann leit um á staðinn, hvort

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sá vegsummerki og á ríkulegan grátur, sem þar var, en tók þar næst úr vasa sínum einn bækling lítinn og settist þar, er ~~sólargeislið~~ ~~féll~~ birtu bar á hann, lauk upp og las. Hann heyrði undirgang af vítarsleggju, og sá að förunautur þá bjóst að reisa náttgirðingu nokkru neðar. „Kom þú hingað, Ingvihrafn," kallaði ferðamaður niður þangað. Förunautur hans hristi höfuðið og hélt áfram iðju sinni. Þá gekk ferðamaður þar að, sem hann vann og skipaði fyrir á þessa leið: „Ber þú stafina hingað upp, vér munum hafa náttstað undir trénu."

„Eigi má það verða," svaraði fylgdarmaður.

„Hví má það eigi verða, ef eg vil svo vera láta?"

„Skulu eldar segja óvinum þínum náttstað vorn, er þeir brenna svo hátt?"

„Nóttin er hlý og megum við vel án vera eldanna og vel munt þú þola að vera eldstóarlaus að heiman hætti."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingvi hrafn hreyfði sig hvergi og horfði svipdimmur á ferðamann.

Hinn mælti enn: „Hver sem þú ert, þá hefir þú gerst minn maður á ferð þessari fyrir hin laun og ráð og ferðinni. Ef þú vilt eigi minn vilja gera, þá far þú leiðar þinnar, og mun ég finna veg minn án þinnar hjálpar".

„Illt þykir mér þér að þjóna", svaraði leiðsögumaður af þjósti, „og fyrir þá sök eina geri ég það, að þú réðst mig til fararinnar, er vel hafði til mín ~~gert~~ gert. Þá er ég er laus heitorða minna, þá vil ég fremur vera fjandmaður þinn en vinur, ef þú kant vopni að beita. Þetta skaltu vel vita, ókunni maður. En eigi þarf ég að óttast þenna við, heldur þú. Því að kunnur er hann um land alt og búa hér frá fornöld helgar vættir, sem þér eru gramar en mér eigi."

„Sýna mun ég þér, hvort þær eru mér gramar, ef þú vilt með mér ganga", svar-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fertamaður og gekk að trénu. Hann reiddi exi sína til höggs og mælti: „Sé þar mér gramar, þá gengst ég undir reiði þeirra, og ef þær eru máttugar ~~vera~~, þá mega þær mig svo hitta sem ég þenna við." Að svo mæltu hjó hann exinni af afli í trjábolinn. Leiðsögumaður hörfaði frá og þreif til sverðs síns og horfði til himins, hvort eigi kæmi goðahefnd yfir afbrotamanninn. En allt var kyrt, einn kvistur með eskifræi féll niður og annað eigi. „Líttu þú hingað," mælti hinn ókunni maður og benti á kvistinn, „svo ~~þetta~~ er reiði guða þinna. Þú óttast við þenna, en hann var þó eitt sinn flögrandi frækorn svo sem það, er þú sér hér, og er vaxinn upp af litlum kjarna. Hvar voru þá regin þau, sem þér stendur ógn af, er viður þessi var eigi annað en fræ? Heldur þú að viður þessi hafi hér staðið frá upphafi heims? Undir rótum hans fann ég steina þenna og hefir viðurinn sprengt hann. Hugs þú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vandlega að steininum. Er þetta myllusteinn er kunnu hafa til þess að mala korn. Hér hafa verið mannabýli áður en askur þessi óx. Litla lotning eiga þeir guðir skilda, er þá urðu máttkir í viði þessum, er þeir menn voru dauðir, sem hér bjuggu áður. En ég þjóna þeim guði, sem gert hefir himin og jörð. Hann er einn eilífur og almáttugur frá alda öðli og mun lifa eilíflega og verða almáttugur, þá er síðasti sprotinn þessa viðar er horfinn úr mannheimi."

Leiðsögumaður Kraups víkur að brotnum steininum og leit á holuna, á tágarslitrin og viðarkolsleifar, er fest höfðu sig við sandsteininn. Hárið féll niður um kinnar hans og hann varp mæðilega öndinni. „Brunnið mun það hús hafa, sem hér stóð, ef nokkurt var," mælti hann lokks fyrir munni sér. „Þá er ég var í bernsku, sögðu menn mér að forfeður ~~sín~~ mínir hefði búið á bæ þessum. Kann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamlir menn kvæði þar um. Það kvæði kunni skáld það, er Vindur drápsins.

Ferðamaður snarast öxl hans. „Nóttin dettur á og úlfar ýlfra í viti. Sæk þú stafina Ingjarhrafns."

Leiðsögumaður stóð á fætur og mælti af þjósti nokkrum: „Hingað hefi ég vísað þér veg fyrir það að ég vildi halda lið mínu og vita þig öruggan í nánunda við máttuga dís, er ég veit mér holla. En þú raskar friði gyðjunnar með exi þinni og hugarró minni með þungum hugsunum, er þú sökkvir í djúp hugar míns. En ef þú kannt að vita löngu orðna hluti og þarft eigi varðveislu goðanna, þá bú þú þér sjálfur náttstað, því að ekki lið mun ég þér veita."

Ferðamaður þreif þegjandi einn af staurunum þeim, er sveinninn hafði þangað fært meðan þeir töluðust við, og hóf á loft sleggjuna. Voru þung höggin, er hann rak niður staurana, en Gottfreður bar þá til hans og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fléttaði tágar milli stólpanna, þar til er girðing var gerð um-
hverfis tréð, og máttu þar í vera menn og hestar. Gotfreður teymdi
báða ferðamannahestana inn í girðinguna, en ferðamaður gekk
til leiðsögumanns, þá er lokið var verkinu, og mælti vingjarn-
lega: „Rúm er og fyrir þig og hest þinn í griðastað okkar."
Eigi vildi Ingvibrafn þekkjast það og mælti: „Hvorki mun
ég né hestur minn leita skjóls hjá þér." Tók hann síðan
upp smylnusteininn og bar hann út á hólbrúnina lan
frá ferðamönnunum. Rann hann því næst til hindarinnar
og tók haft af hesti sínum og teymdi hann þangað sem
steinninn var. Þar lagðist hann niður hjá hestinum
og hafði steininn undir höfði.
Gotfreður batt tvo stafi í kross inni í girðingunni,
kysti á og fékk með lotningu í hendur ferðamanns, en
hann stakk honum niður við ~~rætur~~ rót þá, er fjársjóð-
urinn var undir. Því næst krupu báðir á kné og hófu
aftansöng á latneska tungu. Hinn eldri söng sálminn, en
sveinninn svaraði. Söngómurinn bergmálaði í klettunum
og átti kappi við villiraddir náttúrunnar, er heyrði þangað
úr skóginum ískrandi og ýlfrandi. Leiðsögumaður reis
upp, er söngurinn hófst, en þróttmikill hljómur kend-
vakinnar mannsraddarinnar dró úr skjótræði hans.
Hann sat og sneri sér í aðra átt og starði í kveldroðann
úti við sjónhring.
Þá er lokið var söngnum settist ferðamaður við tré-
rótina og ýtti malnum að fylgdarmanni sínum. Ung-
mennið drap hendi við, en hinn bað [illegible]:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Et þú. Þú ert óvanur ferðalagi, en drottinn þarf nú og á líkamsþrótti þínum að halda." Sveinn hlýddi og át nokkra bita, og lagðist síðan að fótum ferðamannsins; en hann lagði kápu sína yfir hann. Varð nú hljótt í hinni smágirðingu. Kveldroðinn dó og varð að ljósfölva, er færðist smámsaman ~~norður~~ eftir. Náttgolan þaut við og við í laufinu og uglan æpti sorgarkvein sín uppi yfir ferðamönnunum. En fjær og nær lét í dýrum skógarins, svo að hestarnir stóðu upp, þótt þreyttir væri, og frísuðu. Ferðamaður sat nú kyr og ~~slá höndum~~ lagði hendur í skaut. En er þaut í trénu horfði hann upp í greinar þess og til himins, er nú var hjúpaður dimmu náttmyrkri.

Leiðsögumaður horfði niður í dalinn, þangað sem vatnseiminum lagði upp frá gilinu í rökkurskininu. „Sé ég, hvar þær líða yfir vatninu," mælti hann hljóðlega; „starfa þær að vatninu í hvítum hjúpi, hyggja á heill og fulltingi við hollvin sinn, dylja spor hans fyrir þeim, er eftir leita, og leysa hann úr óvinahöndum; oft heyrði ég söng þeirra í djúpinu, er ég lá undir askinum. Hingað hafa forfeður mínir leitað í raunum sínum og beðið hinar hvítu dísir liðveislu. Og heyrt hefi ég að þær hafi verið verndarvættir ættbálks míns frá alda öðli. Nú hugsa ég til þess með geig, hver fyrirboði mér muni vera myllusteinn sá, er ferðamaður hefir náð undan trénu með töfrum sínum. Vitarrótin hefir farið í gegnum steininn; steinninn er eldgamall, svo sem ferðamaður mælti, og eldri en askur [illegible]. Forfeður mínir hafa [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en tré þetta spratt og goðin tóku völd sín. Hvað guði var þá, er verndaði þá af miskunn sinni? Fyrir löngu er sigur og hamingja horfin ætt minni. Afa minn feldu dimmleitir Svarar, en faðir minn féll fyrir Vindum, þá er eg var barn að aldri, og móðir mín sprakk af harmi. Hvarvetna er nú gleðin horfin, og sjaldan byggja guðin á giftu þjóð minni til handa og ókendur guð tekur sér bygð í dölum vorum. Brunnið hefir ~~tréð~~ þá sá, er einhverju ~~sinni~~ stóð á hlaðþessari og brunnin er hamingja ættar minnar. Og mér býr harmur í hug. Erlent barnahald hafa menn þessir með höndum og hafa þeir mikinn átrúnað á guði sínum. Láti guðir vorir þá kenna á mætti sínum, ef þeir eru heimskingjar." Nú sá leiftur að baki hins bíðandi manns og fylgdu þórdunur miklar; Ingvi-Hrafn efti heróp sitt. „Vel er nú er eg heyri dunur undan reið hans, er hann kemur til þess að refsa ferðamönnum fyrir afbrot þeirra". Lét hann fallast til jarðar og huldi höfuð sitt.

Þrumuveðrið skók greinar trésins og þeytti ~~blöðum~~ laufi og kvistum á ferðamenn. En þeir hófu aftur guðrækni söngva sína og létu þær ~~þær~~ ómanum þórdunur og þjótandi regn sem sigursöngvar yfir ættsgengnum höfuðskepnunum. Og eigi léttu þeir söngnum, fyrir en hryðjan var horfin að fjallabaki. Varð nú aftur hljótt í girðingunni og heyrði eigi annað en regndropa, er þeir féllu hljóðlega á laufið. Leið svo nóttin, en er lýsti af degi reis maður á fætur fyrir utan girðinguna. Var þar leiðtoginn og skyndist um eftir ferðamönnunum.

„Næturgsamt ... ... ... ... ... ..." mælti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ferðamaður. „Askur þinn hlífði okkur við vindi, en eigi við vatni því, er úr skýjum himins kemur. Ef þú kant þá list að kveikja eld á vakri jörð, þá mættir þú vinna sveini mínum og sjálfum þér mikinn greiða. En ef þú mátt það eigi vinna, munum vér halda af stað, svo að förunaut mínum hlýni."

„Vér eigum langa dagleið fyrir höndum til skógfjalla þýringa", svaraði leiðsögumaður, „og mætti óheill stafa af tímatöf." Hann þreifaði á skikkju ferðamanns fyrir forvitni sakir og mælti síðan feginsrómi: „Votur ert þú þó, regn festir á þér."

„Ef guð vill", svaraði hinn.

Nú bjuggust þeir skjótt til ferðar, og tók ferðamaður bókamalinn undan trérótinni og batt vandlega við söðulbogann, en sveinninn gaf hestinum að eta úr fótarpokanum á meðan. Síðan hétu þeir báðir viðarkrossinum og lásu ferðabæn sína. Yngvi-Hrafn reið fyrir yfir mýrana og síkið inn í fjallskóginn. Reið hann nú harðar en undanfarna daga, en hvassar sjónir hans athuguðu einn hvern stein og hvern runn. Hvert sinn er þeir komu fram úr skóginum og þá bar að grasi vöxnum dal, þá benti hann ferðamönnum að bíða, en benti þeim nokkru síðar að koma á eftir sér. Var þar erfiður vegur yfir trérætur og vatnsflóa, þar sem lægðir voru í skóginum. Tók hann þá oft í tauminn á hestunum og sagði sveininum til, hvar fast væri undir fæti. Þögull var hann sem daginn áður, en hann lét sér annara um ferðamennina. Eitt sinn riðu þeir [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar, © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mælti hann: „Hér verðum vér að ríða yfir skóglaust land; ef þið heyrið mig æpa heróp, þá skuluð þið snúa aftur til skógarins svo skjótt sem hestarnir mega bera ykkur og má vera að þið bjargist þá á flótta.“

Ferðamaður brosti og mælti: „Ber þú engan kvíðboga fyrir okkur, en sjá þér sjálfum borgið.“

„Látið hestana fara sem þeir mega mest,“ mælti leiðsögumaður.

Þá er þeir voru komnir aftur í skóginn og riðu leiðar sinnar, þá mælti ferðamaður til þakklætis: „Sýnir þú að þú vilt okkur vel, enda eru landar þínir taldir tryggir í lund.“

„Þýringar muna lengi ást og hatur,“ svaraði leiðsögumaður.

„Eigi er þó hatur hans með neinum refkeiluhætti“ svaraði ferðamaður og brosti við. „Eigi liggur sá vegur beint til norðurs, er þú vísar okkur.“

„Svo verður að fara krókótt sem refir undan glammandi hundum, er varast vill víg. Lítið á eldbjarma í fjarska,“ og nú benti hann með hendinni milli stofnanna, „þar er bær að brenna.“

„Má vera að kviknað hafi af eldingu.“

„Rotinn kom upp í náttúrkyrðinni.“

Ferðamaður horfði svipdimmur til bjarma þess, er skein út við sjónhring í morgunrökkrinu.

„Þekkir þú húsráðanda?“ mælti ferðamaður.

„Hann er frakkneskur,“ svaraði Þýringurinn [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kuldalega. „Afi hans kom langt vestan að hingað í landið."

„Hvorfa Þýringar á það með hugarró, er landar þeirra eru vegnir?"

„Spyr þú hinn mikla höfðingja Frakka, en eigi mig, hvers vegna hann lætur erlenda menn vega þegna sína," mælti leiðsögumaður. „Eitt sinn vorum vér Þýringar sigursæl þjóð, en þá réðu Frakkar á landið og með þeim Saxar og Englar; hermenn vorir féllu í bardaganum, en aðkomumenn skiftu með sér jarðeignum landsmanna. Er svo frá sagt að þá hafi fallið mestur hluti hermanna vorra. Nú ræður sendimaður Frakka konungs yfir oss, og stefnir hann oss saman til bardaga, þá er honum sýnist. Sá ég er Vindur drápu hinn síðasta, og erum vér skógbúar síðan varnarlausir. Öldungar vorir gerðu frið við fjandmennina en spyr mig eigi, með hverjum kjörum. Sé ég alidýr vor fara á hverju ári í Slavalönd, en þeim verður afturkomu auðið."

„Sjálfur ber þú sverð og spjót," svaraði ferðamaður hörkulega.

„Er þér forvitni á að reyna, hvernig þau bíta?" svaraði Þýringurinn ~~hann~~ og rann í skapi. Reif hann klæði af brjósti sér og benti á löng rauð ör. „Meira hygg ég mig þó veitt hafa en ég hefi þegið. En lítil frægð er það," mælti hann í hálfum hljóðum að selja hreystiverk sín fyrir vopnlausum manni."

„Í góðu skyni voru orð mín mælt," sagði hinn ókunni maður til þess að [illegible] „Munt þú hafa slátrað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mörgum krossum þeim til heiðurs, er þér teljið guði, en eg nefni óvættir. Og eg óttast að annað blót hafi og dropið í hlautbolla, enn andstyggilegri fórn þeim guði, er eg þjóna, og þótt skorti guði yðar mátt til þess að veita yður sigur á Vindum og öðrum þeirra. Tel eg þann mann óvitran, er styðst við strá, þá er kné hans vanmegnast."

„Orustuguðinn lætur þeirra hlut upp koma, er honum sýnist. Hann veitir þeim sigur, er hann vill," svaraði leiðsögumaður.

„Heimsku mælir þú þar, ef mér er rétt frá sagt. Því að Vindur fara öðrum guðum fórnir, og er þeir reka menn úr þorpum yðar heim, þá syngja þeir ljóð um það, að þeirra guð hafi orðið yðar guði yfirsterkari."

„Veitir guð Kristinna manna þeim sigur, er á hann trúa? Margan landa minn hefi eg þó séð fallinn á vígvelli, þann er Krossmark gerði fyrir sér."

„Eigi eru þeir allir guðs hermenn, sem Krossmark gera," svaraði ferðamaður og kvað fast að. „Hver sá, er biðja vill drottinn himinsins um sigur, verður að haga svo lífi sínu að hann eigi guðs hjálpar skilda, lifa trúlega eftir guðs boði og forðast öll hermdarverk. Þjónusta sú er vegleg og vandasöm, en launin eru dýrleg, sigur og gleði hér í heimi og sæla í himnaríki. Og því mun eg spá, að eigi vinnur þjóð þín bug á erlendum mönnum fyrr en rétta Krossinn er fyrir yðar borinn og þér hafið allir helgað hinum mikla guði Kristinna manna hug yðar og hjörtu."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Kenn þú það og konungi Frakka eður hverjum þeim, sem er höfðingi þar í landi. Því að vér höfum heyrt að Kristin trú hafi svo spilt konungi, að hann sé munkur orðinn, en einn af köppum hans stýri löndum.“

Leiðsögumaður sneri sér frá, en ferðamaður mælti við förunaut sinn: „Þú heyrir, hvað hann mælir. Þýringar hata Frakka og hvorirtveggja hata Saxa. Hver þjóðflokkur eyðir öðrum og þykir köppum þeirra mestur heiður að láta karlmönnum blæða og reka hið varnarlausa kyn burt til þess að seðja á því fýsnir sínar og hafa bak þess að fótaskör. Frá því, er ég var ungur sveinn í ókunnu landi, hefi ég séð mennina vinna níðingsverk; rán og morð var það helvítisóp, sem heyrðist úr hundrað þúsundum hálsa. Sannarlega er jarðaraldingarðurinn kominn í órækt, hvarvetna auðn og eydd bygð fyrri kynslóða, en þeir ýlfra sem vargar er lifa ennþá í auðninni. Og þar sem mannmörg þjóð bjó í landi því, er hún hefir unnið sér með báli og brandi, þar lifa sigurvegararnir í iðjuleysi, sísólgnir í gull og holdsmunað. Gjörspilt hefir hinn illi djöfull þessari kynslóð, sem er eign hans, og þó skellir hún skolleyrum við boðskap náðarinnar, jafnvel þeir, er krossa sig og kallast kristnir. Engu björg getur fyrir þá, sem upprættir ganga eftir fyrirmynd guðs, nema þá eina, að þeir beygi allir harða síná sína fyrir einum drotni, sem um er ritað, mitt ok er mjúkt.“

Nú komu þeir í hérað, þar sem voru hingað og þangað þorp og bæir frakkneskra landnámsmanna. Var bygðin [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðri í dölunum, eður í miðjum hlíðum, þar sem voru vatnsaugar uppsprettulindir. Flestir voru bæirnir smáir, og hús mjög fallin, og laklega gert að þeim, og víða brunarústir í nánunda. ~~Víggirðing var~~ Virki var á hverjum bæ og í hverju þorpi, en virki og síki voru fallin og rifin. Fátt manna sáu þeir á akri, í þorpunum runnu konur og börn til girðinganna og horfðu eftir ferðamönnunum. Leiðsögumaður heilsaði höfðinglega, svöruðu menn kveðju hans með lotningu svo að sjá mátti, að hann var mikils metinn. Á sumum húsgöflum var gert krossmark yfir nafni húsráðanda. Þá varpaði ferðamaður kveðju kristinna manna á ~~íbúana~~ heimilismenn, er stóðu í dyrum úti. Þótti mönnum undarlega við bregða og skunduðu til þeirra. En leiðsögumaður vildi halda kappsamlega fram ferðinni og svalg jódynurinn ávörp og spurningar. Enn komu þeir að þorpi einu. Var þar engin girðing, en stráþök svo síð að nálega nam við jörð. Jafnvel skorti þar ..... er þó höfðu svört ber sín til sýnis nálega á hverjum bæ. Nakin börn, dökk á hörund og óhrein mjög veltu sér með grísunum í haugstæðum. Menn voru smávaxnari, með flötum og kringluleitum ásjónum. Ferðamönnunum hafði alstaðar annarstaðar verið heilsað með hógværri stillingu af þorpsbúum en hér var þeim tekið með óhljóðum, faryrðum og formælingum á ókenda tungu.

„Er margt erlendra manna í landi yðru?“ mælti ferðamaður.

„Þessir menn eru Vindar austan úr landi; þeir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafast vita við í þessum bæ hér og í Þýringalandi. Skatti lúka þeir jarli Frakkakonungs, en illviljaðir eru þeir og óaldarseggir."

Hann stöðvaði hest sinn og hlustaði á formælingar, er kerling ein ferleg æpti eftir þeim. Því næst sló hann hest sinn sporum og kallaði: „Áfram!“ Fóru þeir nú mikinn en leiðsögumaður reis oft upp í söðli og leit til hægri og vinstri. Eftir stundarbið reið ferðamaður til hans og mælti: „Seg þú mér, ef þér er geðfelt, hverju sætir, að vér knýjum svo fram hesta vora?“

„Eigi skil eg til fullnustu þá tungu, er Vindur mæla á,“ svaraði Ingvi-Hrafn, „en hin illmálga kona bað oss ófarnaðar, ef vér mættum hermönnum sér samlendum. Er nú næsta ófriðlegt og þegar í morgunsárinu tóku haukar og hrafnar á flug til norðurs. Órar mig nú þess, er ég spurði eigi þá menn nokkra, er á vora tungu mæla“. Hann hvatti nú hest sinn og þaut á undan hinum; höfðu þeir fullt í fangi að hanga á honum. Hann reið á harðaspretti heim að bæ þeim, er næst varð sétur á hæð einni, en hinum benti hann að bíða. Ferðamenn sáu hann stöðva hest sinn á hlaðinu, en vonum bráðar hleypti hann ofan eftir aftur og fyrir þeim. Loks komu þeir að brekku einni og þá mælti ferðamaður: „Vilt þú eigi segja okkur, hvað hætta sé á ferðum?“

„Bærinn var auður og fjárhús slíkt hið sama, allar lifandi skepnur á brott. Furðar mig, er enginn flóttamaður mætir oss,“ svaraði leiðsögum. [illegible] í brekku.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Áfram nú,“ kallaði hann, „eð hér skilur með okkur.“
„Hyggst þú munu undan stýra hættunni, ef ~~vér~~ með-
um hesta vora áður kvöld kemur?“ mælti hinn og var
hinn stillasti.
„Reynt mun það,“ svaraði Ingvi-Hrafn stuttur í
spuna og reið nú enn á undan.
Með þessum hætti riðu þeir enn um stund
gegnum kjarr og yfir engi. Loks sáu þeir í fjarska bæ nik-
inn undir linditrjánum öðru megin vegarins. Hestur
leiðsögumannsins þaut sem kólfi væri skotið til bæjarins; sáu
hinir að hann stóð við nokkrum sinnum, en hvarf síðan
sem örskot undir trén. Ferðamenn riðu á eftir en fóru
hægra. En er þangað kom, sáu þeir að þakið var rifið,
dyr brotnar og eldsleifar frammundan bænum. Leiðsögu-
maður laut niður að einhverju, sem lá í grasinu. Var
þar örendur maður, og var höfuðið brotið með kylfuhöggi.
„Þessi maður var húsráðandi á bænum,“ mælti leiðsögu-
maður, „hann var Frakki að ætterni, en þó maður gestrisinn.
Og hermannlega hefir hann varist, áður hann félli. Lítið
þangað.“ Þar hafði verið rótað upp mold og gerðir tveir haugar.
„Þar hafa væringjar jarðað fallna menn sína.“ – „Hvenær
hefir þetta að borið?“ spurði ferðamaður hryggur í huga.
„Í gær fyrir dag,“ svaraði leiðsögumaður og benti á hestinn
frá Slövum, er orðið hafði fyrir skotspjóti bónda og lá þar. Ferða-
maður hljóp af hesti sínum og skundaði til bæjar: „Komum til
hjálpar, ef nokkur er hér enn á lífi.“
„Til einskis er það,“ svaraði leiðsögumaður. Væringja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóttur hans og sveina hans unga hafa þeir haft á brott. Kú hans hafa þeir slátrað, en einhver þeirra Slavanna ríður nú Gulltoppi hesti hans; Vindur kunna að taka til handargagns; þeir hætta ekki við hálfunnið verk".

Ferðamaður greip reku og tók að grafa gröf. „Ráðlegra væri þér að komast héðan á brott," mælti leiðsögumaður og var órótt. Hinn benti á bláan kross, sem markaður var á arm hins fallna: „Hann hefir haft sömu trú sem ég og eigi má ég yfirgefa hann fyr en ég hefi hulið hræ hans fyrir vörgum og hræfuglum".

Leiðsögumaður vék sér frá og mælti í hljóði: „Margur liggur nú lágt á blóðugum vígvelli, sá er krossmark gerði fyrir sér". Ferðamenn gerðu gröfina, lögðu náinn í hana, gerðu bæn sína með knéfalli, hlóðu upp leiði og létu trékross á. Þá benti ferðamaður sveininum að fara frá, og lá einn hjá leiðinu.

Meðan þessu fór fram hafði leiðsögumaður rakið spor fjandmanna og rann hann sem veiðihundur yfir engið. Biðu ferðamenn hans, en hann sneri þá aftur og brann eldur úr augum hans: „Fundið hefi ég nú feril þeirra, spor konunnar og sveinanna. Einn hestur hafði verið járnaður og hygg ég þar verið hafa hest Hræreks Sorbakonungs. Mundi ég kjósa að bráðlega bæri saman fundum okkar", mælti hann reiðulega. — „Seg þú mér, ferðamaður: Mundir þú fagna, ef þú sæir Hrærek og flokk hans fallinn?"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Nei!“ svaraði ferðamaður.

„Vegið hefir hann þó tvíarbræður þína, og rekur börn þeirra í herfilega ánauð.“

„Nei segi eg þó engu að síður,“ svaraði ferðamaður.

Leiðsögumaður bölvaði í hljóði. Gekk hann nú af skyndingu að hesti ferðamanns og mælti: „Seg mér hvað þú hefir í leðurmal þeim, er þú gætir svo kostgæfilega?“

„Eigi samir þér að spyrja þessa,“ svaraði ferðamaður kuldalega, „enda mun eg synja þér svarsins.“

„Armbauga munt þú þar hafa og silfur, slíka hluti sem erlendir kaupmenn flytja í landið,“ mælti leiðsögumaður og leit ágirndaraugum til leðurmálsins.

„Vera má að þar í séu þeir hlutir, er þú nefndir,“ mælti ferðamaður, „má og vera að þeir sé þar eigi. En engu skiftir það þig. Aldrei eignast þú það, sem í er.“

Leiðsögumaður leit til hans fjandsamlega, ásýnd hans herptist saman. Fleygði hann sér til jarðar og tók höndum fyrir andlit sér. Ferðamaður þreif öxi sína, gekk til hans þar sem hann lá, tók hönd hans frá andlitinu og fékk honum öxina. „Hér er vopn, sonur sæll, og hér er höfuð verjulauss manns. Ef þú vilt vopnsins neyta, þá skaltu reyna, hvort þú megir mig hitta. En viljir þú heldur heyra mál mitt, þá skalt þú hlýða á ráð þér eldra manns.“ Tyrvi-Hrafn lét öxina falla í gras og sat

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á grundinni hneigðu höfði. „Veit ég vel, hvað þér veldur harmi," mælti ferðamaður. „Ræningjar reka unga konu til fjalla sinna, en þú hyggur þar á að leysa hana með vopnum eða með fé. Og þú vilt hafa atstoð mína. Svara nú, ef ég hefi getið rétt til."

„Hartörð var hún við mig," svaraði hann hljóðlega, „fyrir þá sök að ég stóð undir eikitrénu að krossfórn eftir sið feðra minna. En mig hryllir við að hún sé á valdi Hræreks. Kom það því í hug mér sem leiftur úr lofti að ég yrði að skunda og leysa hana út með fé. Þá færi ég með hana fangna heim, hún yrði mín eign og ég yrði húsbóndi hennar."

„Og hún yrði að verða þér að skapi," mælti ferðamaður kuldalega, „mun eigi fjandmaður þinn, Hrærekur, bera sama hug í brjósti?"

Leiðsögumaður gnísti tönnum og fleygði sér aftur til jarðar.

„Þeir eru sem villidýr," mælti ferðamaður á latneska tungu. Síðan mælti hann með stillingu: „Statt þú upp, leiðsögumaður, og efn fyrst og fremst heit þitt. Nú er heiður þinn í veði, ef þú kemur okkur eigi heilum til átthaga þinna, þótt við séum þér ókunnir og óvelkomnir. Þá er þú hefir þessa skylduvinnu af hendi leyst, mátt þú íhuga, hver sú næsta mun vera. En því skalt þú eigi gleyma, að ~~kona sú fer jafnan braut sína~~ undir máttugri verndarhendi fer kona sú, er þú þráir. Því að henni fylgja vængjaðir sendiboðar drottins míns,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo að hún haldi lífi eður verði leidd upp í himin-
sal Kristinna manna. Þótt hún beri Sorba fjötra,
er hún þó í hendi góðs guðs, er heyrir bæn allra þeirra,
er ákalla hann í vandum staddir. Ef það er hans
vilji að þú leysir hana út, þá mun svo verða. En
ger þú nú skyldu þína."

Leiðsögumaður stóð upp og hljóp þegjandi í söð-
ulinn. Héldu þeir svo fram ferðinni í norður, og hafði
hver nóg að hugsa um sinn hag. Ferðamaður mælti
fá orð á latneska tungu við förunaut sinn stöku
sinnum. Þegar sól rann til viðar, riðu þeir inn
í dimma skóga í fjöllum þeim, er greina Þýringa
frá Frökkum.

Þeir heyrðu að trjábaki hundgá og innanum hana
dimmt org, er lét illa í eyrum. „Fer þú með oss
inn í bjarnarhíði?" spurði ferðamaður.

„Hér býr Bessi hinn víðförli," svaraði leiðsögumað-
ur. „Veiðir hann björnu, temur þá og selur þá síðan
langt suður í Frakka löndum, höfðingjum oftast
en stundum og farandmönnum. Bæ hans ótt-
ast landsmenn, en sjálfur hefir hann frið hjá vinum
og óvinum, því að hann þykir „margvís mjög".

„Er hann sömu trúar sem þú?" spurði ferðamaður.

„Fáir vita, hverja guði hann dýrkar", svaraði
leiðsögumaður.

„Forðumst þá þenna ógestlega bæ." þinn

„Lít þú til loftsins. Regnið [illegible]kum,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hestar ykkar þurfa næturhöldar, því að á morgun förum við hrjóstrugan veg gegnum fjallskóginn og er þar enginn gististaður."

Maðurinn leit til sveinsins við hlið sér og gaf þegjandi merki ~~þess~~, að hann væri samþykkur. En er þeir komu nær, varð hundgáin ákafari og runnu þar saman við org bjarndýra. Og er Ingvi-Hrafn barði til dyra varð svo mikil háreystin, að ferðamaður gerði fyrir sér krossmerki. Lengi barði leiðsögumaður, en loks heyrði fótatak, og var hastað á dýrin. Ingvi-Hrafn kallaði nafn sitt inn um dyrnar, var þá sláin tekin frá og kom tröllaukinn maður fram í dyrnar. Leiðsögumaður mælti hljóðlega við húsráðanda. Hann benti þeim að ganga inn. Hestarnir voru hræddir mjög en hann tók í taumana og teymdi þá inn í húsagarðinn, og læsti síðan. Ferðamenn spretta af hestum sínum í myrkri. Fóru þeir síðan til hesthúss með hestana, Ingvi-Hrafn og húsráðandi. Baðstofugólf var þar troðin mold, og er þeir komu inn kveikti húsráðandi í blysi við eldibrand, er lá á arni og lýsti í andlit gestum sínum. En er hann sá í andlit ferðamanni hrærðist hann á hæli, en blysið féll úr hendi hans og hrökk gneistaflug um gólfið. Leiðsögumaður tók það upp og stakk því í járnhring við arinhelluna.

„Síst átti ég von á því, að sjá þig í kofa mínum. Illar voru kveðjur þínar, þá er ég sá þig fyrsta sinn; léstu þú reka mig og börn mína úr húsi gistivina þinna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ferðamaður svaraði stillilega: „Og þá er ég sá þig hið næsta skifti, leysti ég háls þinn úr snöru þeirri, sem þér var snúin. En er ég sá þig hið þriðja sinn, þá stóðst þú frammi fyrir mér í hvítavoðum og vigt vatn rann um höfuð þér."

„Langt er nú síðan slitið var hvítavoðunum og voru þær að síðustu minna verðar en þá er ég lét skírast. Ófúsir eru menn að minnast vandræða sinna, er þeir neyddust til að beygja sig fyrir annara töfrum," svaraði húsráðandi. „Þú hefir gert til mín bæði vel og illa. Þó hygg ég þig kunna marga mikla leyndardóma, og mig kalla menn og margvitran. Og ef ég veiti þér grið og húsaskjól, munt þú vilja kenna mér margan leyndardóm í þakkar skyni."

„Kenna mun ég þér," mælti ferðamaður, „ef þú hefir eyru að heyra".

„Þá skulum við vera sáttir og hið umliðna gleymt og skalt þú vera gestur minn. Veiti ég þér og fylgdarmönnum þínum mat og húsaskjól. Ver þú velkominn að arni mínum, herra Vinfreður, er menn falla fyrir á kné og kalla Bonifacius og biskups."

Að kvöldi hins næsta dags riðu þeir fram úr dimmum greniskógi og sáu ofan af fjallinu lága hóla og flatlendi í fjarska. Við fjallsræturnar framundan þeim lá þorp. Voru þar grá þök og gráir bjálkar, en umhverfis skíðgarður og síki eitt breitt. Hús stóðu þétt við þorpsgöturnar, svo að léttara skyldi að verjast fjandmanna árásum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Utanvert við skíðgarðinn stóðu tveir bæir uppi undir hlíðinni og var örskotslengd í milli. Lá sín gatan að hvorum af þorpsveginum. Á þessum vegamótum ~~sta~~ nam Ingvi-Hrafn staðar og mælti: „Fylgt hefi ég ykkur til Þýringalands. Þar er nú þorpið, þar er bær Frakkans, þess er menn nefna ráðsmann greifans, og þar stendur sjálfur hann. Nú er efnt heit mitt og farið nú leiðar ykkar."

Ferðamenn hneigðu höfuð sín og þökkuðu guði og báðu hann að blessa þangaðkomu sína. En Ingvi-Hrafn hleypti þegar á brott og var horfinn fyrir skógarnef þegar Vinfreður tók að litast um eftir honum. En hinn frakkneski ráðsmaður kom nú til móts við þá. Hann var maður gráhærður og alvarlegur á svip. Vinfreður kastaði á hann kveðju kristinna manna, en maðurinn roðnaði af gleði þá er hann svaraði: „Um alla eilífð." Vinfreður rétti honum nú skinnblað eitt og var það jartein er drotning sendi ráðsmanni. Ráðsmaður tók þá ofan með lotningu, tók sjálfur taumana og fór með gestina heim til bæjar síns.

—— || ——

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## II

## Kristinn maður meðal heiðingja.

Milli þorpsins og sléttlendisins stóð bær einn hrörlegur og var skíðgarður umhverfis

Skíðgarðurinn var skörðóttur og illa hirtur og fóru hænsn og grísir erfiðislaust í gegn allt árið. Innan við hliðið voru tvær stengur í kross, og var það hið eina merki þess að þar byggi Meginharður, prestur kristinna manna. Höfðu þorpsbúar látið til leiðast fyrir mörgum árum að leyfa honum vist í eyðibæ þessum og var gert að tilmælum greifans. Inni var þó eigi með öllu óvistlegt. Milli gluggahlera sást að eldur brann glaðlega á arni. Við aringlæðurna sat Meginharður, var hann smár vexti og holdugur. Mjaðarker stóð fyrir framan hann á lélegu tréborði. Pottur stóð yfir glóðinni og var hann í suðu, en þrekvaxin kona handlék tré-sleif þar við arinhelluna. „Seint soðnar hann, Gotlindur," mælti hinn smávaxni maður og horfði löngunaraugum til pottsins, „sveifla þú sleifinni og leggðu við á eldinn, því að gnótt er af viði í þessu landi, þótt skortur sé á öllu öðru." En Gotlindur skeytti ekki andvarpi húsbónda síns; hún starf-aði harkalega að arninum og leit stundum reiðu-lega til klerksins. „Víst mundi húsbóndi minn hafa mátt fá betri gjöf hjá sjúkum nágranna sínum en

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessá" – og nú benti hún með sleifinni til eins hornsins þar sem slavnesk ambátt húkti á hálmvisk og horfði í gaupnir sér. „Vikum saman hafið þér sært hina illu anda, er sátu í fati hans. Er það annað þökk fyrir mikla fyrirhöfn, að gefa ónanduga ambátt, sjúka og auma og til einskis nýta. Hví gaf hann yður eigi kálf til búsins? Næsta oft hafði ég þó ráðið yður að láta hann skilja það á yður. Við höfum naumast nóg til fæðis tveimur, og nú bætist þó hún þriðja við, villikona með flóknu hári, sem ekkert orð vill segja og bakar mér nýjar áhyggjur auk þeirra, sem ég ber fyrir yður."

Meginhardur leit með gletni til hornsins: „Og þó tók ég hana þín vegna, Gotlindur", sagði hann henni til geðhagðar, „til útivinnu, því að feginn vildi ég þér hlífa."

„Aldrei hefi ég kvartað undan vinnu", mælti ráðskona hóti mildari. „Nú verð ég að gæta þessa atskotadýrs." Hún steypti soðnum hananum í leirskál og bar húsbónda sínum heitan matinn og skeið með. Rauk af ljúffengur eimur. Meginhardur sat og beið þess að kólnaði og sló spæninum á skálarbarminn með mikilli óþolinmæði. Þá brakaði í girðingunni útifyrir og því næst voru drepin fjögur högg á dyrnar með staf. Spæninn féll úr hendi klerks og varð honum svo felmt við að hann hljóp úr sæti og starði á dyrnar, svo sem byggist hann við að sjá vofu, og tautaði lágt fyrir munni sér eftir þriðja höggið, í leiðslu: „In nomine spiritus sancti amen."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir síðasta höggið var hurðinni hrundið upp sterklega og kom inn maður í dökkum kufli og mælti með ~~dim~~ gildum rómi: „Sit þú heill í herrans nafni." Meginharði varð orðfall og varð fölur sem nár. Vinfreður horfði um stund á heimilisfólkið, því næst gekk hann að glugganum og lauk upp hleranum, þreif skálina og hanann og fleygði út og brotnaði skálin. „Gangið út konur", bauð hann þessu næst. Gotlindur studdi höndum á mjaðmir sér og hugðist munda virða að vettugi fyrirskipanir komumanns. En þá sá hún að húsbóndi hennar benti henni sem ákaflegast að fara og hún fann að komumaður hvesti á hana augun og gekst henni þá hugur við. Hún þreif ambáttina með sér og skundaði til dyra. „Leita þér annars húsaskjóls í nótt," kallaði Vinfreður eftir henni, „því að trauðla munt þú oftar stíga fæti í hús þessa manns." Hann lauk aftur dyrunum á hæla konunum, skaut loku fyrir og gekk til Meginharðs, er stóð þar orðlaus. „Til annars hlutskiftis fórst þú, félagi minn," mælti hann hryggur, „og í illum félagsskap hitti ég þig. Ég er kominn til þess að ávinna sál þína. Beyg kné þín, Meginharður, vesall bróðir minn, og játa syndir þínar, því að nú er dagur yfirbótanna runninn upp; freista nú að ávinna þér miskunn dómarans."

Munkurinn var sem steini lostinn og féll á kné fyrir biskupi og tók að mæla latneska bæn fyrir munni sér. Eldur logaði enn glatt á arni og varp skuggunum sínum hingað og þangað.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnið í katlinum hóf upp lokið og hvæsti á arninum. En enginn skeytti þessu, þar til lagði logann og vatnið þagnaði. Nú tók að dimma í herberginu; daufan bjarma lagði af kolaglæðunum, en á aðra hlið lagði lítinn stjörnu-glampa inn um gluggann. En ennþá lá klerkurinn á gólfi og heyrðist eigi annað en þung andvörp og hátíðlegar bænir, en þar á ofan hvinur af svipuhögg-unna og hljóðlátar stunur. Þessu hélt áfram fram á nótt. En er stjörnuljósið slokknaði fyrir dagsbrún næsta dags, lá Meginhardur enn með ásjónuna á jörðinni sem krossmark, er hann teygði frá sér báða arma. Ferðamaður lá þar á knjánum við hlið hans. Tók djúpur hreimur raddar hans yfir grátbljóð hins liggjandi manns.

Vinfreður lauk upp dyrunum og lagði dagrenn-ingarskin inn í skuggalegt herbergið. Úti við skíð-garðshliðið stóð hinn ungi Gotfreður og laut kennara sínum þegjandi, því að sá tími dags var eigi ennþá kominn, er munki var leyft að tala. „Ég hugði þér vel borgið í sang gistivinar vors" mælti Vin-freður og benti honum að hann mætti tala.

„Fyrirgef mér, faðir, hingað dró mig áhyggja um þinn hag."

„Þar inni liggur maður, sem mjög hefir á orðið fyrir. Ver þú hjá honum, svo að hann sjái í andlit þér, þá er hann lítur upp, og styð þú reikulan gang hans." Hann mælti enn, og þó hljóðlegar: „Tekið hefi ég hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem fugl þann, er flogið hefir úr búri sínu, og verða mun sál hans í flökti. Hjálpa þú honum að venjast aftur munklífinu, þótt hann sé þér eldri. Skalt þú vera honum svo eftirlátur sem þú mátt. Því að ókönnulega færi okkur, ef við sviftum hann aldri huggun, er hann hefir vilst af réttri leið."

Vinfreður gekk til þorpsins. Voru menn þá teknir að rísa úr rekkjur. En hinn ungi munkur settist hjá þeim, sem yfirbót gerði. Leið eigi á löngu áður hrollur fór um hann og hann lyfti höfði gætilega og undraðist er hann sá ~~yfir~~ eigi hinn ógurlega biskup yfir sér, en í hans stað ungling, er sýndi innilega meðaumkun í yfirbragði sínu. „Visio venit, birst hefir mér friðarboði," mælti hann hljóðlega og ótta slegin og féll aftur á ásjónu sína, en eftir stundarbið leit hann aftur upp: „Hljóðan anda finn ég yfir höfði mér. Mæl þú, ef þú ert einn af oss."

„Gotfreður heiti ég, faðir, og er ég bróðir þinn og þjónn."

„Hann er farinn," ~~anda~~ mælti Meginharður og varp öndinni mæðilega og fór höndum sárt bak sitt. Settist hann þvínæst upp og þó seinlega og tók höndum um höfuð sér. „Allur er ég nú annar maður orðinn, skálinni með hansaspaðinum flýgði hann út um gluggann og frú Goðlindi" — hann signdi sig — „vík frá mér Satan. Rændlega hefir mín freistað verið hér meðal heiðingja, sonur sæll. Hefi ég setið að krossharsa og hrossakjötsáti, og þó er þeim nú rétt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ann í maímánuði, þá kröfðust þeir að ég og frú Guðlind" — nú signdi hann sig á ný. „Víst mun biskup vera heilagur maður, og laus við mannlegan veikleika. Og vita munt þú lögmálið, þótt þú sért ungur".

Gotfreður játti því vingjarnlega.

„Þá veist þú og, sonur, að hrjáðum mönnum er það leyft að loknum yfirbót að væta heitar varir sínar aqua cum aceto, með vatni og ediki. En edik vantar í þessu landi", mælti hann enn, „en í þess stað stendur þar bjór, og er nóg vatn í. Rétt Fá þú mér dallinn".

Gotfreður var fús til þess og fékk honum drykkinn, og drakk hinn þjakaði maður langan teig, hélt síðan höndum að dallinum og hóf morgunbæn sína. Gotfreður hafði og orðin yfir, gerði síðan hálmbeði í horninu, leiddi hinn sárða mann til hvíldar og las hljóðlega bænir yfir honum, þar til er hann sofnaði.

En er Vinfreður kom aftur til munksins að áliðnum morgni, sat hann í stól sínum og var þá hughægra. Gotfreður hafði sópað klefann, reist þar altaris stalla og prýtt með greinigreinum og ilmandi grösum. Meginharður freistaði að rísa á fætur, þá er biskup kom inn, en Vinfreður ýtti honum mjúklega niður í setið.

Nú kem ég aftur til þín sem læknir, er þrýngvar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjúklingi til heilsubyfja, heldur sest nú hjá þér hinn forni félagi þinn. Vil eg biðja þig, bróðir, ef þú mátt, að segja mér með sanni, hvert böl þú hefir þolað hjá þjóð þessari. Er það mála sannast að þér var eigi fengið auðvelt starf, enda hitti eg þig eigi að fegins starfi."

„Ekkert má eg þér gott segja, æruverði faðir," mælti Megúnharður sorgbitinn. „Fimm ár hefi eg búið við þessa þjóð svo sem Daníel í ljónagröfinni. Þeir eru harðir í hug og afurhugar og hendir það jafnvel þá sem bestir eru, að þeir tryllast sem djöfullinn í helvíti. Fáir eru trúaðir, og þeir trúa eigi nema þeir hafi brotið bein sín eða hitasóttin sæki þá. Þá senda þeir eftir mér til þess að biðja fyrir sér og þá gera þeir krossmark fyrir sér af kappi. En næsta dag senda þeir til völvunnar, er beitir töfrum, og gera þá aftur hamarsmerki yfir sér. Oft spyrja þeir, hvort guð vor geti gefið sér sigur í slögum og sögnum, því að þá mundu þeir á hann trúa. Hann skal vistast hjá þeim sem húskarl þeirra, en þeir vilja eigi gera honum sóma skil."

„~~Þá~~ Þekkir þú, kristna menn hér um slóðir?" spurði Vínfreður óþolinmóður, „því að til þess varst þú hingað sendur, svo sem svölur senda boðbera á undan sér."

„Bera mun eg kennsl á þá um endilangt landið milli Saulufjörð og Vesu," svaraði Megúnharður. „Og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir bæti þínu ritaði ég þér nöfn nokkurra þeirra sem mikils eru metnir og trúastir. En úr klerka-hóps er ég einmana lamb í hópi ýlfrandi úlfa. Því að til eru og aðrir, er kallast kristnir klerkar, en þeir eru sannir djöfulsins árar. Hafa þeir marg-ar konur og sitja með heiðingjum að blótveislum og hanga krosshansar hjá rúnkrossum þeirra, og enga hollustu vilja þeir veita hinum mikla föður í Rómaborg. Er flokkur þessi fyrir löngu kom-inn hingað í land; gera þeir litud merki á hörund sitt."

„Skotskir urðarkettir," mælti Vinfredus reiðulega.

„Margt hefi ég mátt þola hér, högg og hæðleg orð," mælti Meginharðurr enn. „En verst átti ég árið sem leið, þá er Vindur herjuðu landið. Þýringar lögðu til orustu við þá skamt frá Saale. Ógnuðu þeir mér og kröfðust þess, er ég væri gestur þeirra og hefði landsgrið, að ég færi með þeim. En af því að ég var enginn orustumaður skyldi ég standa á hól einum í námd við her þeirra og biðja guð um sigur þeim til handa. Þeir höfðu mig með sér nauðug-an og settu mig á hólinn, en Vindur urðu þeim yfir-sterkari, feldu marga menn og fóru til þorpanna, brendu og ~~fóru~~ höfðu með sér konur og börn í þrældóm. Mig tóku þeir og, færðu mig í fjötra, og ráku oss síðan sem sauðahóp austur til þrældóms. Var sú för ill í hóp heiðinna kvenna og grátandi barna. En er nokkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hné lémagna og mátti eigi upp standa, þá var hon um greitt kylfuhögg, og bar sá þar beinin við veginn. Eigi var vegarnesti ríkmannlegt, því að oss var borinn grautur í trogi sem svínum. Tvo sólarhringa gengum vér svo hvítafullir, þar til er vér sáum þorp vinda og merkisstengur höfðingja þeirra. Skiftu þeir oss niður í þorpin. Kom ég og nokkrir aðrir í hlut Hræreks Sorbakonungs, illmennis þess, er gert hefir sér vígi hérmegin Saalefljóts. Heitingjar gerðu veislu mikla, en mér ætluðu þeir illan bana, er þeir sá mér skorinn skalla og krakktu djöflar þeir á höfuð mér. Lá ég þar bundinn og vonlaus. Þá kom Hrærekur þar í hesthúsið og lét fylgdarmann sinn spyrja, hvers lands og þjóðar maður ég væri. En ég sagði honum að ég væri múnkur og að þú værir sá æruverði faðir, er ég hefði farið fyrir til Þýringalands. Þá blíðkaði guð hug hans svo að hann lét leysa mig úr böndum og lét fylgdarmann sinn birta mér það leyndarmál, að hann vildi senda mann vestur í lönd til Frakkakonungs, að hann vissi þig vera mann voldugan og friðsaman og að þú mundir mega styðja beiðni hans. Hinn lóvísi vargur var nú saddur orðinn á manndrápum og þóttist nú elska friðinn, en hann kvað landamæragreifa Frakka ránsjarna og blóðþyrsta. Varð ég að lofa að flytja þér boðskapinn svo fljótt sem ég gæti. Var ég síðan látinn laus og mér fengið nesti og [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fylgt þar til er kominn var í námunda við borg vor. Gerði ég þér þetta þegar kunnugt í bréfi mínu, er Húnbaldur hinn frakkneski tók með sér í vesturför sína".

„Bréf þitt hefi ég lesið," svaraði Vinfreður. „En sótt hefir varginn hungur á meðan, og hefir hann herjað á ný í lönd Frakka. Veist þú, hvers hann vill biðja Karl konung, er ræður yfir Frökkum? Því að eigi mun fremur haldast friður með Frökkum og Slövum, en með tveim hundum, er naga sömu hnútu".

„Ég hygg að hann vilji gjafir og land það, er hann hefir rænt."

„Vill hann taka rétta trú og hverfa frá djöfulsins verkum?" spurði Vinfreður.

„Fyr mun refur í gildru bíta af sér skottið, er eigi fremur guðsótti í honum en í rekadrumb."

„Margur er því um líkur, þótt hann geri krossmark fyrir sér," svaraði Vinfreður. „Þótt hann sé kaldur heiðingi, þá mega börn hans verða heitir trúmenn. En seg mér nú frá öðrum manni. Þú þekkir mann þann, er heiðingjar nefna Ingveibrafn."

„Lítils góðs hefi ég frá honum notið, og er hann einn af óvinum krossins. Býr hann þar uppi, er kallað er í Hrafnagörðum, því að í trjánum búa hinir svörtu heiðinuglar og garga illvitaljóð. En hann er jafnan þar fremstur í flokki, er verst skal, og er hann mjög í [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ungum mönnum. Sá ég það í orustunni frægu, er félagar hans báru hann særan úr bardaganum, og það hyggja menn að eigi hefði Slavar unnið sigur, ef hans hefði notið við í fylkingarbroddi til orustuloka".

Vinfreður stóð upp og litaðist um í kofanum. „Lögmálið býður, að bræðurnir búi saman undir einu þaki. Samir mér ekki að búa hjá ókunnum, þar sem einn bróðir á heimili. Bú þú um mig hér".

Meginharði varð bilt, er hann heyrði þetta: „Kofi þessi er lítilfjörlegur, æruverði faðir, og þakið bilað svo að heldur er lekasamt. Er og matur fátæklegur, hygg ég þó eigi að þú horfir í það", mælti hann til umbóta fyrir orðum sínum. „Og enn verður þess að geta æruverði faðir, að fuglar þeir syngja hátt, er ég hélt til þessa, og gæta þess lítt, hvar þeir dríta. Vilt þú, herra, að ég hleypi út fuglunum?" Þeir flugu til mín í vetrarkuldanum; flugu margir brott, þá er voraði, en nokkrir gerðu hreiður sín í rjáfrinu; hafa þeir nú ungað út öðru sinni og oft hefir kvak þeirra glatt mig, er mér var þungt í skapi. Peccavi", ~~hélt hann~~ mælti hann enn og mátti naumast verjast grátinum, „syndsamlegt er það, að binda slíka tryggð við skepnur, en þeir koma jafnan aftur, faðir, nema ég snúi þá úr hálsliðum; einkum þúfutitlingurinn, er hann fuglagjarnastur í þessu landi".

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vinfreður hlýddi svipdimmur á kveinstafi hins sitlausa munks. „Unn þú bróðir þínum eigi síður náttstaðar en fiðruðum litlbræðrum þínum."

„Árangurslaust varð mér að starfa að hugskoti manna," mælti Meginharður enn hryggur í hug. „Var hóti nær að fuglarnir geymdu hið heilaga orð. Tók eg á hverju ári hrafna o og kendi þeim að syngja „Kyrie eleison" og lét þá síðan lausa. Mundi þú mega heyra rödd þeirra hér í skóginum, er þeir syngja hin heilögu orð. Hefna vildi eg og Ingvihrafni fyrir margan ógreiða er hann hafði mér gert, og setti hrafnsunga mína í við hans, svo að þeir skyldi ákalla drottinn í hóp heiðingjaflanna. En hinir hrafnarnir réðu grimmilega á þá og reittu af þeim fjaðrirnar, því að söngur vor hugnaði eigi villihröfnunum. Og þeir komu til mín aftur. Þó létu þeir eigi heldur af illsku sinni, þeir er eg hafði tamið, heldur rifu í sig hina smáu félaga mína. Eftir síðasta harðan vetur hafa smáfuglar einir verið hjá mér. Fyrir gef þú mér, æruverði faðir."

„Eigi em eg þér reiður, bróðir," svaraði Vinfreður. „Vissi eg, þá er eg sendi þig, að þú varst engi sáðmaður á grýttri jörð. En þú varst góðmenni og þóttist eg þú vita að heiðingjar mundu þola hérvist þína, er þú vildir vel. Njósnari hefir þú verið mér, sendur í ...

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur